

Skólabyrjun í Þelamerkurskóla skólaárið 2010 - 2011

Ágætu nemendur Þelamerkurskóla og forráðamenn þeirra,

Þelamerkurskóli verður settur **fimmtudaginn 26. ágúst 2010 kl. 11:00**. Fyrst hitta nemendur umsjónarkennara í heimastofum kl. 11:00-11:30 og þar fáðið þeir stundatöflur og innkaupalista ef listarnir hafa ekki verið sóttir á heimasíðu skólans en þeir verða líka á forsíðu hennar frá og með fimmtudeginum 19. ágúst.

Eftir að nemendur hafa verið hjá umsjónarkennara komum við saman á útiskólavæðinu okkar, **Mörkinni** sem er norðan Laugaland. Þar verður skólinn formlega settur. Eftir setninguna verður boðið uppá kakó og lummur við eldstæði útiskólans. Gert er ráð fyrir að nemendur verði í skólanum til **kl. 12:00** þennan dag. Skólaakstur verður í samræmi við framansagt.

Foreldrar, aðstandendur og aðrir velunnarar skólans eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir í skólann á skólaopningardaginn.

Föstudagurinn 27. ágúst verður helgaður útivist í nágrenni skólans og er skólatími þess dags eins og venjulega kl. 8:30-14:20. Og frá og með **mánudeginum 30. ágúst** verður kennt **samkvæmt stundaskrá**.

Námshópar og umsjónarkennarar verða sem hér segir:

1. og 2. bekkur – Hulda Arnsteinsdóttir
3. og 4. bekkur – Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir og Jónína Sverrisdóttir
5. og 6. bekkur – Elva Dögg Grímsdóttir
7. og 8. bekkur – Ágústa Berglind Hauksdóttir og Halla Björk Þorláksdóttir
9. og 10. bekkur – Anna Rósa Friðriksdóttir og Logi Ásbjörnsson

a. **Tryggvi Sveinbjörnsson** ekur leiðina Fagriskógur - Hjalteyri – Litla Brekka – Þelamerkurskóli. Sími- 820-0980


b. **Sigurður Skúlason** ekur leiðina Búðarnes – Barká – Langahlíð - Þelamerkurskóli. s: 462-6746, 852-8946 og 895-3307

c. **Tryggvi Sveinbjörnsson** ekur leiðina Skriða – Tréstaðir – Þelamerkurskóli. Sími- 820-0980

d. **Klængur Stefánsson** er með leiðina Skottið – Lónsbakki – Hraukbær - Moldhaugar – Þelamerkurskóli. Sími bílstjóra er 892-1430.

e. **Sigurður Gíslason** ekur leiðina Auðnir – Þelamerkurskóli. s: 462-6829 og 847-8458

Í vetur byrjar skólinn eins og áður alla daga kl. **8:30** og kennt er til kl. **14:20** alla daga. Eins og í fyrravetur taka kennarar á móti nemendum í bekkjarstofum kl. 8:20. Í vetur verður gerð tilraun með að tvískipta nemendahópnum í matartímum skólans. Markmiðið með því er að minnka hávaða í matsalnum og auka þjónustu við nemendur í matartímanum. Nemendur 1.-6 bekkjar fara í morgunmat 8:55 og hádegismat kl. 12:15. Nemendur 7.-10. bekkjar fara í bæði morgun- og hádegismat á sama tíma og undanfarin ár.



Eins og áður verður fæðið selt á föstu verði. Innheimt verður með gíróseðlum þrisvar yfir veturinn. Bent er á að hægt er að semja við fjárhaldara skólans um annað fyrirkomulag á greiðslum, óski forráðamenn þess.

Samtal og súpa – opinn dagur í skólanum:

Opni dagurinn *samtal og súpa* gekk það vel í fyrra að við áformum að halda okkur við sama fyrirkomulag í ár. Opni dagur þessa árs verður **föstudaginn 17. september**. Skilaboð með nánari upplýsingum verða send foreldrum í gegnum Mentor eða í tölvupósti þegar nær dregur. Takið daginn frá!

Foreldrar eru hvattir til að hringja í skólann í síma 460-1770 og 460-1774 ef þeir þurfa frekari upplýsingar um skólastarfið í vetur. Einnig er verið að uppfæra upplýsingar um starf vetrarins á heimasíðu skólans <http://thelamork.is>. Að öðru leyti má þar oftast finna fréttir, tilkynningar og auglýsingar um skólastarfið hverju sinni. Eins og í fyrra verður Upplýsingarbæklingur skólans aðeins gefinn út á vefnum. Hann verður á forsíðu heimasíðunnar.

**Með bestu kveðju,
og hlökkum til að sjá ykkur**

Skólastjórnendur og starfsfólk Pelamerkurskóla